

Sýslumaður Suðurnesja

06 448

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymsyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Sýslumaður Suðurnesja

kt. 610576-0369

Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Suðurnesja er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Starfsemin fellur undir málefnavnið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 258,4 milljónir og afkoma kr. -15,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 68,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Suðurnesja fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	252.500.000	265.500.000
Seld þjónusta	3	4.666.650	335.697
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.184.160	1.225.379
Tekjur samtals		258.350.810	267.061.076
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	231.039.992	215.468.682
Annar rekstrarkostnaður	5	41.556.738	39.332.360
Afskriftir og niðurfærslur	6	1.184.160	1.225.379
Gjöld samtals		273.780.890	256.026.421
Afkoma ársins		(15.430.080)	11.035.456

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé	7	6.689.045	2.521.208
Viðskiptakröfur		4.573	4.573
Tengdir aðilar	8	55.939.694	46.620.846
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	1.179.399	1.727.035
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	4.456.427	4.773.215
Eignir samtals		68.269.138	55.646.877
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	22.097.154	599.895
Viðskiptaskuldir		1.874.991	1.637.133
Ýmsar skammtímaskuldir	11	26.375.090	22.316.870
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	4.749.608	1.633.768
Skuldir samtals		55.096.843	26.187.666
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		13.172.295	29.459.211
Eigið fé			
Hrein eign	13	13.172.295	29.459.211
Eigið fé samtals		13.172.295	29.459.211
Eigið fé og skuldir samtals		68.269.138	55.646.877
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymsyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(15.430.080)	11.035.456
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjársteymi:			
Afskriftir	6	1.184.160	1.225.379
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.184.160)	(1.225.379)
		(15.430.080)	11.035.456
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		547.636	(450.509)
Tengdir aðilar		14.754.203	(6.976.515)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.296.078	(5.217.263)
		19.597.917	(12.644.287)
		4.167.837	(1.608.831)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(867.372)	(705.441)
		(867.372)	(705.441)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		867.372	705.441
		867.372	705.441
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		4.167.837	(1.608.831)
		2.521.208	4.130.039
		6.689.045	2.521.208

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	262.200.000	1.300.000	263.500.000
Fjáraukalög	(3.000.000)	3.000.000	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	259.200.000	4.300.000	263.500.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárhheimilda			
Launabætur	8.300.000	0	8.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(15.000.000)	0	(15.000.000)
Fjárveiting ársins	252.500.000	4.300.000	256.800.000
Staða fjárveitinga fyrrí ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	29.459.211	(3.139.447)	26.319.764
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(856.836)	0	(856.836)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	281.102.375	1.160.553	282.262.928
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(267.930.080)	(867.372)	(268.797.452)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	13.172.295	293.181	13.465.476

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	252.500.000	265.500.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.184.160	1.225.379		
	<u>253.684.160</u>	<u>266.725.379</u>		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	262.200.000	0	0	262.200.000
Fjáraukalög	(3.000.000)	0	0	(3.000.000)
Launabætur	8.300.000	0	0	8.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(15.000.000)	0	0	(15.000.000)
Fjárveiting til tekna	252.500.000	0	0	252.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(267.930.080)	0	0	(267.930.080)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(15.430.080)	0	0	(15.430.080)
	2024	2023		
3 Seld þjónusta				
Verksala	242.076	280.700		
Ýmsar þjónustutekjur	4.424.574	54.997		
	<u>4.666.650</u>	<u>335.697</u>		
4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	186.508.041	172.929.876		
Orlof, breyting	(626.562)	920.875		
Launatengd gjöld	42.835.713	39.754.395		
Starfsmannakostnaður	2.322.800	1.863.536		
	<u>231.039.992</u>	<u>215.468.682</u>		
Meðalfjöldi stöðugilda	19,2	19,7		
5 Annar rekstrarkostnaður				
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.809.998	1.427.722		
Ýmis tæki og áhöld	412.329	297.626		
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	11.450		
Orkugjafar	1.455.360	1.217.005		
Matvæli	3.547.212	3.462.798		
Almennar rekstrarvörur	44.978	12.118		
Vörukaup, almenn	7.269.877	6.428.719		
Kennslu- og föndurvörur	<u>2.179</u>	<u>0</u>		
Vörukaup, sérgreind	2.179	0		
Fundir, námskeið, risna	208.750	310.400		
Akstur	353.684	553.575		
Sérfræðiþjónusta	4.350.487	3.731.894		
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.102	44.442		
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	708.262	688.480		
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.728.657	2.727.970		
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.351.942	8.056.761		

Skýringar

	2024	2023
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Afnotagjöld	2.761.520	1.601.639
Leigugjöld	17.535.312	16.086.842
Notkun véla og flutningatækja	440.202	234.253
Verkkaup	4.786.891	5.023.153
Kostnaðarhlutdeild	388.465	1.881.393
Opinber gjöld	11.350	11.600
Tilfærslur	9.000	8.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>25.932.740</u>	<u>24.846.880</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>41.556.738</u>	<u>39.332.360</u>
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	1.184.160	1.225.379
	<u>1.184.160</u>	<u>1.225.379</u>
	31.12.2024	31.12.2023
7 Handbært fé		
Sjóðir	150.901	185.715
Tékkareikningar	6.538.144	2.335.493
	<u>6.689.045</u>	<u>2.521.208</u>
Stofnunin hefur tekið til vörsu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 193,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.		
	31.12.2024	31.12.2023
8 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	8.787.458
Aðrir ríkisaðilar	<u>55.939.694</u>	<u>37.833.388</u>
	<u>55.939.694</u>	<u>46.620.846</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	21.583.083	0
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	<u>514.071</u>	<u>599.895</u>
	<u>22.097.154</u>	<u>599.895</u>
9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	6.884	636.567
Skattar	<u>1.172.515</u>	<u>1.090.468</u>
	<u>1.179.399</u>	<u>1.727.035</u>

Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	4.456.427	4.773.215
	<u>4.456.427</u>	<u>4.773.215</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	15.007.413	0	0	0	15.007.413
Viðbætur á árinu	867.372	0	0	0	867.372
	<u>15.874.785</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>15.874.785</u>
Afskriftir 01.01.2024	10.234.198	0	0	0	10.234.198
Afskrift ársins	1.184.160	0	0	0	1.184.160
	<u>11.418.358</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>11.418.358</u>
Staða 31.12.2024	<u>4.456.427</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>4.456.427</u>

31.12.2024 31.12.2023

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	19.288.107	19.914.669
Önnur ógreidd gjöld	7.086.983	2.402.201
	<u>26.375.090</u>	<u>22.316.870</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2024 31.12.2023

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	4.456.427	4.773.215
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	293.181	(3.139.447)
	<u>4.749.608</u>	<u>1.633.768</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	4.773.215	(3.139.447)	1.633.768
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	4.300.000	4.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	867.372	(867.372)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(1.184.160)	0	(1.184.160)
	<u>4.456.427</u>	<u>293.181</u>	<u>4.749.608</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 1 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	29.459.211	18.423.755
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(856.836)	0
Afkoma ársins	(15.430.080)	11.035.456
Jöfnuður 31.12.	13.172.295	29.459.211

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning um húsnæði og tímabundinn samning um ræstingu, sem endurnýjast ár í senn sé samningnum ekki sagt upp. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 18,2 milljónum og vegna ræstingu 4,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.